

1) Grunn gjald kr. 15.000 á ári.

2) Magn gjald (hámark) kr. 15.000 fyrir hverja 10 m³ (10.000 lítra) sorps. Upphæð magn gjaldsins fer eftir heildar sorpmagni sem til sorpeyðingarstöðvar berst.

3) Meðhöndlunargjald:

Hreint sorp: Ekkert aukagjald

Yfirferð 18% álag á magn gjald

Meðhöndlun 106% álag á magn gjald

Gjalddagar eru þrír, 15. apríl, 15. júlí og 15. október ár hvert. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

4. gr.

Önnur gjöld:

Urðun Gjaldfrítt

Bílflok:

Fólksbifreiðar 5.000 kr./stk.

Stærri bifreiðar 7.500 kr./stk.

Brotamálmur:

Aðrir málmur: Flokkunargjald 106% á magn gjald.

Önnur gjöld:

Spilliefni Gjaldfrítt

5. gr.

Breyting þessi á gjaldskrá, sem samþykkt var af bæjarstjórn Vestmannaeyja 11. nóvember 1999, 2. gr., og 21. apríl 1999, 3. og 4. gr., er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, samþykkt heilbrigðisnefndar Suðurlands 27. febrúar 2001 og samkvæmt samþykkt um sorphirðu í Vestmannaeyjum nr. 22/1993, öðlast þegar gildi.

Vestmannaeyjum, 26. apríl 2001.

Guðjón Hjörleifsson bæjarstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Bessastaðahreppi.

Lóðir innst við Miðskóga.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Bessastaðahrepps þann 10. apríl 2001 samþykkt breytingu á deiliskipulagi innst við Miðskóga í Bessastaðahreppi. Breytingin nær til lóðar Tjarnarlands, lóðarinnar Miðskógar 22 og fjögurra óbyggðra lóða innst við götuna. Auk þess hefur austurmörkum skipulagssvæðisins verið breytt.

Skipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Bessastaðahreppi, 26. apríl 2001.

Gunnar Valur Gíslason sveitarstjóri.